

Alþingi
Erindi nr. P 130/860
komudagur 23.1.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn
stjórnar Félags íslenskra framhaldsskóla
um frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna**

Stjórn Félags íslenskra framhaldsskóla (héðan af skammstafað FÍF) hefur rætt frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna. Stjórnin gerir þær eftirfarandi athugasemdir.

1. grein

Hlutverk laganna eru ekki nógu ljós. Hverjir eru efnilegir? Ekki sé ljóst hvort aðeins er miðað við styrki fyrir nemendur í framhaldsskólum. Hvað er átt við með framhaldsskóla? Af öðrum greinum frumvarpsins er hægt að ráða að ekki sé einungis átt við þá nemendur sem í daglegu tali eru nefndir framhaldsskólanemendur heldur háskólanemendur einnig.

2. grein

Varla þarf sjö manna stjórn, þrjár til fimm menn ættu að duga. Kostnaður við stjórnun sjóðsins má ekki verða of mikill (sbr. 4. grein). Undarlegt er að félög háskólanema (SÍNE og stúdentaráð) tilnefni í stjórn en hvorki félag framhaldsskólanema né félag íslenskra framhaldsskóla ef þetta er sjóður sem styrkja á framhaldsskólanema.

Reykjavík, 23. janúar 2004

Ingibjörg Guðmundsdóttir
Formaður FÍF